

LANDSRÉTTUR

Úrskurður þriðjudaginn 11. janúar 2022

Mál nr. 712/2021:

Björgólfur Thor Björgólfsson

(Reimar Pétursson lögmaður)

gegn

Vogun hf. og

(Jóhannes Bjarni Björnsson lögmaður)

Halldóri Kristmannssyni

(enginn)

Lykilorð

Kærumál. Dómsuppkvaðning. Ómerking úrskurðar héraðsdóms.

Útdráttur

Héraðsdómur var ómerktur og málinu vísað heim í hérað til munnlegs málflutnings að nýju þar sem ekki hafði verið fylgt fyrirmælum síðari málsliðar 1. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Úrskurður Landsréttar

Landsréttardómararnir Jón Höskuldsson, Símon Sigvaldason og Þorgeir Ingi Njálsson kveða upp úrskurð í máli þessu.

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- 1 Sónknaðili skaut málinu til Landsréttar með kæru 22. nóvember 2021. Greinargerð varnaraðila, Vogunar hf., barst réttinum 13. desember sama ár. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 9. nóvember 2021 í málinu nr. E-3326/2016 þar sem hafnað var kröfu sóknaraðila um að varnaraðili, Halldór Kristmannsson, yrði kvaddur fyrir dóm sem vörslumaður skjala, sbr. 68. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, og skyldaður til að leggja fram greinargerð sína í héraðsdómsmáli nr. E-1916/2021 fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur og „tugi tölvupósta og annarra dómskjala“, sem hann hafi lagt fram í umræddu máli og vísað til í opinberri yfirlýsingu 30. júní 2021. Með úrskurðinum var fallist á þann hluta varakröfu sóknaraðila sem laut að dómskjali nr. 39 í máli nr. E-1916/2021 og varnaraðilanum Halldóri gert skylt að afhenda sóknaraðila það. Þá var hafnað kröfu sóknaraðila um að varnaraðilanum Halldóri yrði gert skylt að leggja fram dómskjöl nr. 35-38 og nr. 40 í sama máli. Kæruheimild er í d-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991.
- 2 Sónknaðili krefst þess aðallega að hinn kærði úrskurður verði ómerktur og að lagt verði fyrir héraðsdóm að taka kröfu sóknaraðila um afhendingu gagna til löglegrar úrlausnar. Til vara krefst sóknaraðili þess að varnaraðilanum Halldóri verði gert að

afhenda fyrir dómi skjöl sem hann hefur lagt fram sem dómskjöl nr. 28, 35-38 og 40 í máli nr. E-1916/2021 fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Þá krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðila sem láta málið til sín taka fyrir Landsrétti.

- 3 Varnaraðili, Vogun hf., krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.
- 4 Varnaraðili, Halldór Kristmannsson, hefur ekki látið málið til sín taka fyrir Landsrétti.

Niðurstaða

- 5 Í 2. mgr. 112. gr. laga nr. 91/1991 er kveðið á um að úrskurð skuli kveða upp þegar í stað í þinghaldi ef unnt er, en að öðrum kosti svo fljótt sem verða má. Málið var tekið til úrskurðar í héraði að loknum munnlegum málflutningi 8. október 2021. Hinn kærði úrskurður var kveðinn upp 9. nóvember sama ár. Samkvæmt þessu leið lengri tími en fjórar vikur frá því að málið var lagt í úrskurð dómara þar til úrskurður var kveðinn upp. Samkvæmt síðari málslið 1. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991 bar vegna þessa dráttar að flytja málið á ný nema dómari og aðilar teldu það óþarft. Málið var ekki flutt að nýju. Við uppkvaðningu hins kærða úrskurðar var bókað í þingbók að sótt væri þing af hálfu beggja aðila. Hvorki var bókað að aðilar væru sammála um að flutningur málsins á ný væri óþarfur né lágu fyrir skriflegar yfirlýsingar frá lögmonnum aðila um að þeir teldu ekki þörf á endurflutningi málsins. Vegna þessa verður ekki hjá því komist að ómerkja hinn kærða úrskurð og vísa málinu heim í hérað til munnlegs málflutnings og uppkvaðningar úrskurðar á ný.
- 6 Kærumálskostnaður úrskurðast ekki.

Úrskurðarorð:

Hinn kærði úrskurður er ómerktur og málinu vísað heim í hérað til munnlegs málflutnings og uppkvaðningar úrskurðar á ný.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 9. nóvember 2021

- 1 Mál þetta, sem var tekið til úrskurðar 24. september 2021, höfðaði Vogun hf., Miðsandi, Hvalfjarðarsveit, fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur, með stefnu birtri 26. október 2016, á hendur Björgólfi Thor Björgólfssyni, 55 Clarendon Road, London, W11 4JD, Bretlandi, til greiðslu skaðabóta.
- 2 Sóknaraðili, stefndi í málinu sjálfu, krefst þess, í þessum þætti málsins, að Halldór Kristmannsson, kt. [...], Sunnuflöt 48, Garðabæ, verði kvaddur fyrir dóminn sem vörslumaður skjala, sbr. 68. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, og skyldaður til að leggja fram (a) greinargerð vörslumanns í héraðsdómsmálinu í Reykjavík nr. E-1916/2021 og (b) „tugi tölvupósta og annarra dómskjala“ sem hann hafi lagt fram í umræddu máli og vísað til í opinberri yfirlýsingu 30. júní 2021. Til vara krefst sóknaraðili þess að framangreindur vörslumaður verði skyldaður til að leggja fram dómskjöl nr. 35–40 í máli nr. E-1916/2021 hér fyrir dómnum.

3 Varnaraðili, Halldór Kristmannsson, vörslumaður ofangreindra skjala, krefst þess að kröfum sóknaraðila verði hrundið og að honum verði ekki gert skylt að afhenda þau skjöl sem krafist er að hann afhendi, að undanskildu dómskjali nr. 39 í máli nr. E-1916/2021.

4 Stefnandi málsins hefur kosið að láta málið til sín taka og telst því einnig vera varnaraðili í málinu. Krefst hann þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Málsatvik

5 Í þinghaldi í málinu þann 14. september 2021, sem var fyrsta fyrirtaka eftir að úrskurður Landsréttar frá 9. september 2021, í máli nr. 358/2021, lá fyrir, varðandi mál Málsóknarfélags hluthafa Landsbanka Íslands gegn sóknaraðila, sem rekið er samhliða máli þessu hér fyrir dómnum, lagði sóknaraðili fram ljósrit af frétt frá 30. júní 2021, sem birtist á vefsvæði Ríkisútvarpsins, www.ruv.is. Með fréttinni var birt yfirlýsing frá varnaraðilanum Halldóri. Kom þar meðal annars fram að Róbert Wessman, forstjóri Alvogen, hefði falið lykilstjórnendum fyrirtækisins, þ.á m. Árna Harðarsyni aðstoðarforstjóra og Þór Kristjánssyni framkvæmdastjóra og fyrrum bankaráðsmanni hjá Landsbanka Íslands og Straumi, ásamt Halldóri sjálfum, að undirbúa og leiða hópmálsókn gegn sóknaraðila. Málsóknin hefði verið gerð í nafni fyrrum hluthafa Landsbankans, þrátt fyrir að Alvogen, Alvotech, eða Róbert sjálfur, hefðu aldrei verið hluthafar í bankanum. Í yfirlýsingu varnaraðila kom einnig fram að Þór Kristjánsson, fyrrum bankaráðsmaður í Landsbanka Íslands, hefði verið ráðinn til Alvogen á árinu 2010, gagnert til að afhenda upplýsingar sem nýst gætu í fyrirhugaðri málsókn. Hann hefði leitt málið síðastliðin 11 ár fyrir hönd Róberts. Í frétt Ríkisútvarpsins og yfirlýsingu varnaraðila kom enn fremur fram að Halldór hefði afhent tugi tölvupósta og annarra dómskjala með greinargerð sinni til héraðsdóms, í máli sem Alvogen hefði höfðað á hendur honum fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur, sem bæri málsnúmerið E-1916/2021. Samkvæmt yfirlýsingu varnaraðila staðfesta þessi gögn ofangreinda málavexti og sýna hvernig Róbert og lykilstjórnendur Alvogen og Alvotech hafi haft fulla stjórn á umræddri hópmálsókn.

6 Samhliða því að leggja fram áður nefnda frétt Ríkisútvarpsins og yfirlýsingu varnaraðila, í þinghaldi þann 14. september 2021, boðaði lögmaður sóknaraðila að sóknaraðili hygðist óska eftir því að fá framangreind gögn afhent til framlagningar í málinu.

7 Sóknaraðili krafðist þess við fyrirtöku málsins þann 21. september 2021 að varnaraðilinn Halldór yrði kvaddur fyrir dómnum, sem vörslumaður skjala, sbr. 68. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, og skyldaður til að leggja fram (a) greinargerð sína í héraðsdómsmálinu nr. E-1916/2021 og (b) „tugi tölvupósta og annarra dómskjala“, sem hann hefði lagt fram í umræddu máli og vísað til í opinberri yfirlýsingu sinni 30. júní 2021. Lagði lögmaður sóknaraðila enn fremur fram afrit af tölvubréfasendingum milli hans og lögmanns varnaraðilans Halldórs, þar sem því var hafnað af hálfu varnaraðila að verða við áskorun sóknaraðila um að afhenda umrædd skjöl.

8 Framangreindri kröfu sóknaraðila var í áður nefndu þinghaldi 21. september 2021 andmælt af hálfu stefnanda málsins, sem einnig hefur tekið til varna.

9 Boðað var til nýrrar fyrirtöku þann 24. september 2021 til að fjalla um beiðni sóknaraðila og afstöðu varnaraðila. Í því þinghaldi setti lögmaður sóknaraðila fram varakröfu af hálfu sóknaraðila, þess efnis að krafa hans um afhendingu gagna, undir b- lið hér að framan, tæki til dómskjala nr. 35–40 í máli nr. E-1916/2021 hér fyrir dómnum. Í sama þinghaldi gerði lögmaður varnaraðilans Halldórs almenna

grein fyrir dómskjölum 35–40 í ofangreindu máli. Þá staðfesti hann að umrædd skjöl styddu þá málavaxtalýsingu sem finna mætti í opinberri yfirlýsingu varnaraðila frá 30. júní 2021. Um væri að ræða dómskjöl sem hvert og eitt innihéldi fleiri en eitt skjal eða viðhengi. Nánar tiltekið væri um að ræða tölvupósta milli starfsmanna Alvogen-samstæðunnar og í einhverjum tilvikum til lögmanna, minnisblöð innan úr Landsbanka Íslands, skýrslur um útlánaáhættur, minnisblöð varðandi Samson, minnisblað frá PWC og frá Fjármálaeftirliti, svo og gögn sem staðfestu aðkomu Þórs Kristjánssonar að málinu. Í fyrirtökunni var einnig upplýst að stefnandi málsins hefði í upphafi átt aðild að hópmálsókn á hendur sóknaraðila, en síðar klofið sig út úr henni og höfðað sjálfstætt mál.

- 10 Við munnlegan flutning um kröfu sóknaraðila, sem fram fór 8. október 2021, lagði lögmaður stefnanda fram tölvupóst frá lögmanni Alvogen í máli nr. E-1916/2021, þar sem lögmaðurinn gerði stuttlega grein fyrir málinu og efni þeirra skjala sem krafa sóknaraðila lýtur að. Í tölvupóstinum segir meðal annars: „Má telja líklegt að það komi til úrlausnar í málinu hvort þessi framlagning sé ekki fremur staðfesting á brotum [varnaraðila] á trúnaðarskyldum fremur en annað.“ Orðrétt segir í niðurlagi tölvupóstsins: „Hvað sem því líður tel ég rétt að mótmæla því að gögn í eigu umbjóðanda míns, eins og tölvupóstar starfsmanna hans og úr netfangi í hans eigu, séu lögð fram í dómsmáli milli ótengdra aðila og varðar á engan hátt umbjóðanda minn. Tel ég eðlilegt að dómari veiti umbjóðanda mínum rétt á að taka afstöðu til þess áður en úrræði skv. 68. gr. laga nr. 91/1991 er beitt gagnvart slíkum gögnum.“
- 11 Lögmaður varnaraðilans Halldórs gerði nokkuð ítarlega grein fyrir þeim skjölum sem liggja að baki dómskjölum nr. 35–40 í máli nr. E-1916/2021 við munnlegan flutning um kröfu sóknaraðila þann 8. október 2021, en neðangreind frásögn af skjölunum er byggð á lýsingu lögmannsins á umræddum skjölum:

Dómskjal 28 er greinargerð varnaraðilans Halldórs í máli nr. E-1916/2021, sem Alvogen hefur höfðað á hendur honum. Samkvæmt varnaraðila er í þessu dómskjali lýst ýmsum atvikum er varða réttarsamband varnaraðila við Alvogen-samstæðuna. Í greinargerðinni sé, í málsgreinum 8–13, fjallað um þau skjöl, sem krafa sóknaraðila lúti að, þ.e. dómskjöl nr. 35–40. Þar sé fjallað um hvernig starfsmenn Alvogen hafi staðið fyrir fjölmiðlaumfjöllun og dómsmálum á hendur sóknaraðila, með aðstoð gagna sem Þór Kristjánsson hafi útvegað, m.a. innan úr Landsbanka Íslands og Straumi fjárfestingabanka. Gögnunum sé lýst og þau tengd við starfsmenn Alvogen. Þá sé lýst gervinetföngum og dulnefnum, sem nefndur Þór og varnaraðilinn Halldór hafi nýtt í þessu verkefni. Verði talið að trúnaður ríki um dómskjöl nr. 35-40 kunni einnig að ríkja trúnaður um þessa umfjöllun. Þá ríki trúnaður um greinargerðina að öðru leyti.

Dómskjal 35 er í raun tvö skjöl samkvæmt lögmanni varnaraðila. Annars vegar er um að ræða útprentun af LinkedIn-síðu varnaraðila, þar sem fram komi að hann og Þór Kristjánsson hafi verið samstarfsmenn hjá Alvogen frá janúar 2010. Hins vegar sé um að ræða tölvupóstkeðju með tveimur tölvupóstum á milli varnaraðila og Þórs. Tölvupóstsamskiptin séu frá 13. nóvember 2011 og þeir hafi notað Alvogen-netföng sín. Í fyrri póstinum biðji varnaraðili Þór að senda sér ákveðin gögn sem tengist Landsbanka Íslands, eins og t.d. lista yfir 100 stærstu áhættur og kaupréttarlista. Þór svari og biðji varnaraðila að nota ekki þetta tölvupóstfang.

Dómskjal nr. 36 kveður varnaraðilinn Halldór að varði tölvupóstsamskipti á milli b.egilsson@gmail.com, sem varnaraðili kveður vera netfang sem hann hafi stofnað til að leka upplýsingum í fjölmiðla, og starfsemi@gmail.com, sem hafi a.m.k. á þessum tíma verið netfang nafngreinds blaðamanns. Efni tölvupóstanna varði minnisblað um stöðu íslensku krónunnar. Í tölvupóstinum biðji blaðamaðurinn um að fá sent netfang Þórs og hafi varnaraðili sent honum einkanetfang Þórs, Thor.Kristjansson@simnet.is, frá b.egilsson@gmail.com. Jafnframt sé lagður fram

í dómskjalinu tölvupóstur frá umræddum blaðamanni frá netfanginu starfsemi@gmail.com, dags. 3. nóvember 2010, þar sem blaðamaðurinn sendi fyrirspurn til Þórs Kristjánssonar, á netfangið Thor.Kristjansson@simnet.is, með afriti á „Benedikt Egilsson“.

Dómskjal nr. 37 segir varnaraðilinn Halldór að sé safn fjölda tölvupósta: Bls. 1, tölvupóstur frá [A1] til varnaraðilans Halldórs, dags. 8. september 2010, í gegnum Alvogen-netföng. Tilgreint efni sé „[NN1], lögmaður“ og erindið að biðja Halldór að hafa samband við [NN1], sem sagður er hafa áhuga á að tjá sig um BTB. Bls. 2–4, tölvupóstur frá b.egilsson@gmail.com til [NN1], dags. 11. september 2011, með efninu „undirbúningur nokkrir punktar. Bls. 5–6, tölvupóstur frá [NN2], frá netfanginu [NN2]@gmail.com, dags. 13. september 2011, til „Benedikts Egilssonar“, með efninu „smávægilegar breytingar“. Í texta sé gerð grein fyrir breytingum á skjali, sem fylgi með sem viðhengi, sem beri heitið „Áskorun til fyrrum hluthafa Landsbanka Íslands hf.“, en [NN1] hafi verið skrifaður fyrir þeirri áskorun. Bls. 7–8, tölvupóstur frá „Benedikt Egilssyni“, b.egilsson@gmail.com, dags. 13. september 2011, til [NN1], vegna nýrrar auglýsingar. Með fylgi viðhengi sem beri heitið „askorun2.pdf“, sem virðist vera sama skjal og á bls. 6. Bls. 9, tölvupóstur frá „Jóni Sigurði Gunnarssyni“, sem varnaraðili heldur fram að sé eitt af dulnefnum Þórs Kristjánssonar, dags. 26. október 2011, til varnaraðila sjálfs, sendur á Alvogen-netfang varnaraðila. Tilgreint efni sé „Fwd: Úr skýrslu RNA“. Tölvupósturinn ber að sögn varnaraðila með sér að með fylgi viðhengi sem beri heitið „Skýrsla RNA um tengingu við BTB.docx“, en viðhengið fylgi ekki. Bls. 10, tölvupóstkeðja með tveimur tölvupóstum á milli varnaraðila og Þórs Kristjánssonar, í gegnum Alvogen-netföng þeirra, dags. 19. desember 2011. Tilgreint efni sé „Re: vitnamál“. Bls. 11–13, tölvupóstur, dags. 29. september 2010, frá „Nikos Muller“, frá netfanginu nikos.muller@gmail.com, sem varnaraðili heldur fram að sé eitt af dulnefnum Þórs Kristjánssonar. Efni tölvupóstsins lýsi viðhengi, sem sé excel-skjal sem fylgi með póstinum. Excel-skjalið virðist sýna eignarhald Landsbanka Íslands, annars vegar miðað við árið 2006 og síðan miðað við árið 2008. Bls. 14–18, tölvupóstur frá Þór Kristjánssyni, dags. 29. september 2010, frá netfanginu thor.kristjansson@simnet.is, sent á Alvogen-netfang varnaraðila. Tilgreint efni póstsins sé „svona kynntu þeir sig í byrjun“, en póstinum fylgi glærुकyning varðandi sóknaraðila, [NN3] og [NN4] sem fjárfesta. Bls. 19–22, tölvupóstsamskipti á milli varnaraðila annars vegar, í gegnum Alvogen-netfang hans, og nafngreindrar lögmannsstofu hins vegar, á tímabilinu 10. desember 2010 til 25. janúar 2011, varðandi álit frá lögmannastofunni um hugsanlega málsókn gegn sóknaraðila. Bls. 24, tölvupóstur, dags. 19. október 2011, sendur frá Alvogen-netfangi Þórs Kristjánssonar á Alvogen-netfang varnaraðila, þar sem Þór segist hafa verið að dæla gögnum á [NN5] þann daginn. Bls. 25–35, tölvupóstur, dags. 25. október 2011, frá „Jóni Sigurði Gunnarssyni“ í gegnum netfangið jon.s.gunnarsson@gmail.com, sendur á Alvogen-netfang varnaraðila, með efninu „Fwd: Novator kynning fra 2005“. Um sé að ræða framsent skeyti, sem sent hafi verið á netfang lögmanns. Bls. 36, tölvupóstur, dags. 25. október 2011, frá „Jóni Sigurði Gunnarssyni“, sendur í gegnum netfangið jon.s.gunnarsson@gmail.com á Alvogen-netfang varnaraðila, með efninu „Fwd: Vitnamál“. Í texta sé fjallað stuttlega um ýmis fylgiskjöl, en aðeins eitt þeirra fylgi, þ.e. minnisblað frá Samson eignarhaldsfélagi, dags. 25. október 2005, um fund þess félags með Moody's. Bls. 42, tölvupóstur, dags. 9. nóvember 2012, frá [A1] til varnaraðilans Halldórs og [A2], í gegnum Alvogen-netföng þeirra, með tilgreindu efni „FW: [NN6] vs. [NN20] 491.333“. Um sé að ræða framsent skeyti frá [NN7], með vangaveltum um kostnað, væntanlega í tengslum við málaferli. Bls. 43, tölvupóstur, dags. 18. október 2013, frá varnaraðilanum Halldóri til [A2], í gegnum Alvogen-netföng þeirra. Tilgreint efni póstsins sé „Re: Vitnalisti_tímaáætlun 2.xlsx“. Í skjalinu sé tölvupóstur frá lögmonnum til Þórs Kristjánssonar, varnaraðilans Halldórs og [A1]. Bls. 44, tölvupóstur, dags. 20. nóvember 2013, frá [A1] til varnaraðilans Halldórs og [A2], með efninu „[NN6] vs. Aztiq Partners AB 1.715.425“. Í tölvupóstinum virðist vera vísað til kostnaðar vegna málaferla. Bls. 45–56, tölvupóstsamskipti þann 20. júlí 2014, á milli lögmannna annars vegar og varnaraðilans Halldórs hins vegar, en afrit sent á [A1], þar sem fjallað sé um hugsanlegan fund með lögmonnum. Sent á Alvogen-netföng varnaraðila og [A1]. Bls. 46, tölvupóstsamskipti á milli [A1], varnaraðilans Halldórs og [A2] þann 28. nóvember 2014, þar sem fjallað sé lauslega um fjármögnun hópmálsóknar. Bls. 47, tölvupóstsamskipti á milli

varnaraðila og [A1], með afriti á [A2], þann 1. desember 2014, í gegnum Alvogen-netföng þeirra. Fjallað um áætlanir og hvort [NN5] eigi að vera til staðar í umræðum. Bls. 48, tölvupóstsamskipti á milli varnaraðila og lögmanna þann 9. mars 2015, þar sem fjallað sé um hugsanlega aðkomu annarra að málsókn. Tilgreint efni póstsins sé „RE: „Update““. Tölvupósturinn beri með sér að með fylgi „minnisblað um fyrirhugaða málsókn gegn BTB fyrir [NN6] final.docx“, en skjalið sé ekki lagt fram með tölvupóstinum. Bls. 49, tölvupóstur frá [A2] frá 16. mars 2015, með efninu [NN5], þar sem óskað sé eftir upplýsingum um stöðu málaferla. Bls. 50, tölvupóstsamskipti á milli [A1], [A2] og varnaraðilans Halldórs þann 27. nóvember 2014, með afriti á Þór Kristjánsson, allt í gegnum Alvogen-netföng viðkomandi. Umfjöllunarefnið sé bók sem var u.þ.b. að koma út og hvenær [NN5] fari af stað. Dómskjal nr. 38 er safn tölvupósta og skjala, eftir því sem varnaraðilinn Halldór segir, en gerð er stuttlega grein fyrir hverju skjali fyrir sig hér á eftir: Bls. 1–3, tölvupóstur, dags. 29. september 2010, frá „Nikos Muller“, frá netfanginu nikos.muller@gmail.com, til „Benedikts Egilssonar“. Efnið sé „Viðaukar“. Tölvu-pósturinn beri með sér að með skjalinu fylgi ýmis fylgiskjöl, þ.m.t. „PWC og Samson.doc“, og sé það skjal lagt fram með tölvupóstinum. Fylgiskjalið sé minnisblað PWC til Landsbanka Íslands, sem beri heitið „Minnisatriði vegna birtinga upplýsingum við tengda aðila í reikningsskilum Landsbankans“, dags. 22. október 2005. Bls. 5–11, tölvupóstur frá „Nikos Muller“ frá netfanginu nikos.muller@gmail.com, dags. 5. október 2010, með efninu „Útvistun efnahagsreiknings“. Í póstinum sé rætt um hvort fjalla eigi um lánveitingar Straums til „æskufélaga“ sóknaraðila. Tölvupósturinn beri með sér að tvö fylgiskjöl fylgi með honum og séu þau lögð fram með póstinum. Annars vegar sé um að ræða minnisblað og gögn um lánveitingar til Samsons og nafngreinds félags, en hins vegar sé um að ræða excel-skjal, sem samkvæmt efni sínu sé unnið upp úr Rannsóknarskýrslu Alþingis og árshlutauppgjöri Straums. Bls. 12, tölvupóstur frá [A2] til varnaraðilans Halldórs, í gegnum Alvogen-netföng þeirra, þar sem hugleiðingar komi fram um að senda frétt á [NN7] um afskriftir sóknaraðila í Landsbankanum. Bls. 13–14, tölvupóstur frá „Nikos Muller“, í gegnum netfangið nikos.muller@gmail.com, til „Benedikts Egilssonar“, dags. 14. október 2010. Efni skeytis sé „Staða N One 2006“. Skeytið beri með sér að viðhengi fylgi, sem beri heitið „Novator One 2006.pdf“, en það viðhengi beri með sér að vera einhvers konar stöðuyfirlit frá Straumi Burðarási. Bls. 15–17, tölvupóstur frá „Nikos Muller“, frá netfanginu nikos.muller@gmail.com, til „Benedikts Egilssonar“. Skjalið beri með sér að því fylgi viðhengi sem beri heitið „[NN8] mail.pdf“. Viðhengið sé lagt fram með póstinum og sé um að ræða tvo tölvupósta senda frá [NN8], annars vegar tölvupóst, dags. 10. febrúar 2007, sendan á [NN4]@landsbankinn.is, Thor Björgolfsson, [NN9] og Thor Kristjánsson, og hins vegar tölvupóst, dags. 5. janúar 2007, sendan á [NN4]@landsbankinn.is, Thor Kristjánsson og Thor Björgolfsson, með afriti á [NN9] og [NN10]. Bls. 18–23, tölvupóstur frá „Nikos Muller“, frá netfanginu nikos.muller@gmail.com, til „Benedikts Egilssonar“, dags. 20. október 2010, með efninu „Operation [NN8]“. Tölvupósturinn beri með sér að með fylgi viðhengi, sem beri heitið „Operation_Super_Short.pdf“. Um sé að ræða ódagsett minnisblað um stöðu íslensks fjármálamarkaðar og íslensks gjaldmiðils. Bls. 24, tölvupóstsamskipti á milli „Nikos Muller“, frá netfanginu nikos.muller@gmail.com, og „Benedikts Egilssonar“ þann 11. nóvember 2010, með hugleiðingum um framhald fjölmiðlaumfjöllunar og sáttameðferðar. Bls. 25–35, tölvupóstur frá „Nikos Muller“, frá netfanginu nikos.muller@gmail.com, dags. 31. janúar 2011. Í tölvupóstinum sé fjallað um [NN11] og fyrirgreiðslu hennar og tengdra aðila frá Landsbankanum. Með fylgi ýmis viðhengi, þ.m.t. merkt trúnaðarskjöl frá Landsbanka Íslands um annars vegar 100 stærstu áhættuskuldbindingar bankans þann 31. mars 2007 og hins vegar 50 stærstu áhættuskuldbindingar frá sama tíma. Þá fylgi einnig yfirlit yfir 100 stærstu áhættuskuldbindingar bankans miðað við 31. mars 2008. Bls. 36–40, tölvupóstsamskipti „Nikos Muller“, frá netfanginu nikos.muller@gmail.com, og „Benedikts Egilssonar“. Tölvupósturinn beri með sér að með honum fylgi viðhengi, sem beri heitið „[NN12] LAIS fjm.pdf“. Það skjal fylgi og sé afrit af forsiðu og tveimur síðum úr 100 stærstu áhættuskuldbindingum Landsbanka Íslands miðað við 31. mars 2007. Skjalið sé merkt „Útlánaeftirlit“ og „Trúnaðarmál“. Bls. 41, tölvupóstur frá Þór Kristjánssyni, frá netfanginu thor.kristjansson@simnet.is, dags. 4. febrúar 2011, til [A3] og varnaraðilans Halldórs, með afriti á

[A2], allt í gegnum Alvogen-netföng. Efnið sé „Praktísk mál“, en Þór sé að óska eftir að fá vefaðgang hjá Alvogen, nafnspjöld og titil hjá félaginu. Bls. 42, tölvupóstur frá „Nikos Muller“, dags. 10. febrúar 2011, til „Benedikts Egilssonar“, með efninu „Re: áttu info um [NN12] fyrir 6m 2008...hans yfirlit var frá 2007“. Tölvupóstinum fylgi viðhengi sem beri heitið „[NN12] 31032008.pdf“, með afriti af forsiðu og einni síðu úr skýrslu sem beri heitið „100 stærstu áhættuskuldbindingar Landsbanka Íslands hf. þann 31.03.2008“. Skjalið sé merkt „Útlánaeftirlit“ og „Trúnaðarmál“. Bls. 45–50, tölvupóstur frá „Nikos Muller“, frá netfanginu nikos.muller@gmail.com, til „Benedikts Egilssonar“, dags. 27. janúar 2012, með efninu „Rökstuðningur Landsbankans“. Í tölvupóstinum sé fjallað um viðhengi með póstinum, sem í póstinum sé nefnt „BTB vs Actavis Landsbanka rok.pdf“. Efni viðhengisins sé glærुकunning, sem beri heitið „Viðbrögð og ráðstafanir Landsbankans vegna bréfs FME“. Í skýrslunni sé fjallað um tengsl BTB og Actavis og rök bankans fyrir því að þessir aðilar teljist aðskildar áhættur. Bls. 51, tölvupóstsamskipti þann 27. ágúst 2011 á milli [A2], Þórs Kristjánssonar og varnaraðila og með samriti til [A1], þar sem fjallað sé um fjölmiðlaumfjöllun, m.a. vegna hópmálsóknar. Öll samskiptin í gegnum Alvogen-netföng. Bls. 52, tölvupóstsamskipti á milli [NN13], [A2] og varnaraðilans Halldórs, þar sem fjallað sé um fyrirhugaða fjölmiðlaumfjöllun. Bls. 53–55, tölvupóstsamskipti á milli „Nikos Muller“, frá netfanginu nikos.muller@gmail.com, og „Benedikts Egilssonar“, frá 24. og 30. janúar 2012. Efnið sé „Re: geturðu kíkt á og gefið komment, þurfum að klára á morgun og senda :)“. Í tölvupóstunum sé fjallað um ýmis félög sem tengjast sóknaraðila máls þessa. Tölvupóstur frá „Nikos Muller“ frá 30. janúar 2012, sem beri með sér að viðhengi fylgi sem beri heitið „LAIS lan til NOne.pdf“. Bls. 56, tölvupóstur frá [A2], dags. 10. október 2014, til Þórs Kristjánssonar, varnaraðilans Halldórs og [A1], allt í gegnum Alvogen-netföng. Pósturinn hafi að geyma hugleiðingar um samband sóknaraðila við Landsbankann. Bls. 57–59, sömu samskipti og á bls. 53–55. Bls. 60–72, bréf FME til Landsbanka Íslands, dags. 22. mars 2007, en fylgigögn vanti. Bls. 73, tölvupóstur frá [A2] frá Alvogen-netfangi hans til [NN13], með afriti á varnaraðila, þ.e. sent á Alvogen-netfang hans. Í tölvupóstinum sé fjallað um málaferli og neitun slitastjórnar LÍ við því að afhenda gögn. Bls. 74–77, tölvupóstur frá „Benedikt Egilssyni“, í gegnum netfangið b.egilsson@gmail.com, til [NN14] og [NN15], með efninu „[NN12]“. Skeytið beri með sér að því fylgi skjal, sem beri heitið „[NN12] LAIS fjm.pdf“. Um sé að ræða afrit af forsiðu og tveimur síðum skjals, sem beri heitið „100 stærstu áhættuskuldbindingar Landsbanka Íslands hf. þann 31.03.2007“. Skjalið sé merkt „Útlánaeftirlit“ og „Trúnaðarmál“. Bls. 78, tölvupóstsamskipti frá 13. febrúar 2015 á milli [A1] og varnaraðila, í gegnum Alvogen-netföng þeirra, en að auki sé einn póstur sendur frá [A1] á [NN16]. Sé í þessum gögnum fjallað um gögn og hvort senda eigi þau á [NN13] og hvort ræða eigi við hann. Bls. 79, tölvupóstur frá [A2], dags. 13. febrúar 2015, á [A1], varnaraðilann Halldór og Þór Kristjánsson, með efninu „FW: trúnaðarmál“. Bls. 80–86, ýmis tölvupóstsamskipti á milli [A2] og varnaraðilans Halldórs, með afriti á Þór Kristjánsson og [A1], með efninu „Re: trúnaðarmál“ frá 13. –16. febrúar 2015. Allt sent í gegnum Alvogen-netföng. Fjallað sé um gagnaöflun og leka til fjölmiðla, að því er virðist tengdan sóknaraðila. Bls. 87–89, tölvupóstkeðja á tímabilinu frá 16. febrúar 2015 til 16. mars 2015 á milli varnaraðila, [A2], [A1] og Þórs Kristjánssonar, þar sem fjallað sé um fjölmiðlaumfjöllun um sóknaraðila, allt í gegnum Alvogen-netföng. Bls. 90–117, tölvupóstur frá „Benedikti Egilssyni“ til [NN17], með fylgigögnum frá FME varðandi stórar áhættuskuldbindingar í Landsbanka Íslands, m.a. um tengsl sóknaraðila við aðra lántakendur Landsbanka Íslands, ásamt þýðingum. Bls. 118–122, tölvupóstur frá „Nikos Muller“, dags. 31. janúar 2011, til „Benedikts Egilssonar“, með efninu „Tengsl BTB við [NN18]“. Pósturinn fjalli um tengsl sóknaraðila við [NN18] o.fl., en honum fylgi einnig minnisblað um þessi tengsl, ásamt gögnum um tiltekið félag. Bls. 123, tölvupóstsamskipti á milli „Nikos Muller“, dags. 1. –2. janúar 2012, og „Benedikts Egilssonar“, með efninu „Re: Gleðilegt ár“, þar sem rætt sé um sóknaraðila og kvartanir [NN19]. Tölvupóstur, dags. 2. janúar, beri með sér að fjöldi fylgigagna séu hjálögð en þau séu ekki lögð fram.

Dómskjal 39 felur samkvæmt varnaraðila í sér aragrúa af blaðagreinum er varða sóknaraðila og tengda aðila, sem varnaraðili heldur fram að séu afrakstur fjölmiðlaherferðar gegn sóknaraðila og þeim aðilum sem taldir séu honum tengdir.

Dómskjal 40 hefur samkvæmt lögmanni varnaraðila að geyma tölvupóstsamskipti, dags. 12. –13. febrúar 2013, þar sem varnaraðili, Þór Kristjánsson, [A2], [A3] og [A1] eigi í samskiptum. Umfjöllunarefnið sé [NN4] og sóknaraðili.

Helstu sjónarmið sóknaraðila

- 12 Sóknaraðili byggir beiðni sína á 68. gr. laga nr. 91/1991. Telur hann að öll skilyrði þeirrar greinar séu uppfyllt til að varnaraðilinn Halldór verði kvaddur fyrir dóm og skyldaður til að leggja umbeðin skjöl fram. Vísar sóknaraðili til þess að varnaraðili hafi lýst því yfir opinberlega að hann hafi umrædd gögn undir höndum. Þau geti nýst sóknaraðila í vörn sinni í máli stefnanda gegn honum, þar sem meðal annars sé á því byggt að kröfur stefnanda séu fyrndar. Gögnin kunni að varpa ljósi á það hvenær stefnandi hafi mátt vita um tjón sitt og þann sem hann telji að beri ábyrgð á því tjóni, sbr. 9. gr. laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda.
- 13 Sóknaraðili vísar sömuleiðis til þess að varnaraðilinn Halldór hafi lýst því yfir opinberlega að hann búi yfir gögnum, sem varpað geti ljósi á það hvernig háttáð var vitneskju forvígismanna málaferla á hendur sóknaraðila um atvik mála, allt frá árinu 2010, hvaðan hún var sótt og á hvaða forsendum. Því hafi sömuleiðis verið lýst í greinargerð í öðru máli. Sannað sé með opinberri yfirlýsingu varnaraðila að gögnin séu til og að þau lúti að tilteknu efni. Gögnin hafi sömuleiðis verið lögð fram í dómi og því ætti að vera vandalaust fyrir varnaraðila að taka þau saman og afhenda þau.
- 14 Sóknaraðili fellst ekki á það með varnaraðilanum Halldóri að hann geti neitað að afhenda gögnin á þeim forsendum að hann sé þess fullviss að reynt verði „að nota það gegn honum almennt“, eða að trúnaður ríki um innihald þeirra, enda hafi varnaraðili þegar lýst meginefni skjalanna í opinberri yfirlýsingu og lagt þau fram í dómi. Afhending gagnanna raski lítt lögsmætum hagsmunum varnaraðila eða annarra. Afhending þeirra styðjist hins vegar við ríka hagsmuni sóknaraðila, sem felist í því að upplýsa til hlítar atvik dómsmála á hendur honum. Hagsmunir sóknaraðila virðist til muna ríkari en þeir hagsmunir sem varnaraðili vísi til.
- 15 Sóknaraðili telur óþarft að fjalla um hvert og eitt skjal, en gögnin í heild sinni sýni að Þór Kristjánsson, sem hafi setið í stjórn Landsbanka Íslands og fleiri félaga, hafi veitt óheftan aðgang að gögnum í hans vörslum, allt frá árinu 2010. Hann hafi sömuleiðis afhent gögnin svo að unnt væri að undirbúa mál gegn sóknaraðila. Hin umbeðnu skjöl opinberi sömuleiðis misræmi í frásögn Þórs varðandi aðdraganda þessa máls. Sóknaraðili telur fráleitt að skjölin séu ótilgreind, enda hafi lögmaður varnaraðilans Halldórs gert ítarlega grein fyrir þeim við fyrirtöku málsins.
- 16 Sóknaraðili vísar til þess að Alvogen hafi ekki borið fyrir sig trúnað hvað varðar tölvupósta, sem sendir hafi verið úr eða í ótengd netföng, jafnvel undir gervinöfnum. Treysti menn sér ekki til að koma fram undir nafni geti þeir ekki heldur borið við trúnaði um þau samskipti sín. Loks fellst sóknaraðili ekki á að trúnaður ríki um samskipti varnaraðilans Halldórs eða annarra við lögsmenn lögmannsstofunnar Landslaga, þar sem ákvæði b-liðar 2. mgr. 53. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála eigi ekki við eins og hér hátti til.

Helstu sjónarmið varnaraðilans Halldórs

- 17 Varnaraðilinn Halldór Kristmannsson, vörslumaður umræddra skjala, sem afþakkaði að leggja fram skriflega greinargerð vegna kröfu sóknaraðila, kveðst ekki reiðubúinn til að verða við áskorun sóknaraðila um afhendingu skjalanna, þar sem því sé meðal annars haldið fram í máli Alvogen á hendur honum, máli nr. E-1916/2021 fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur, að hann hafi rofið trúnað

gagnvart því félagi, meðal annars með því að hitta sóknaraðila sjálfan vegna meintrar óvildar hans í garð forstjóra Alvogen.

- 18 Varnaraðili gerir sér ekki grein fyrir því að hvaða leyti gögnin geti haft þýðingu í þessu máli. Varnaraðili kveðst hins vegar fullviss um að ef hann afhendir sóknaraðila gögnin, þá verði reynt að nota það gegn honum, almennt og í framangreindu máli Alvogen gegn honum. Honum sé mikið í mun að tryggja að hann brjóti ekki hugsanlegar trúnaðarskyldur sínar gagnvart fyrrum vinnuveitanda. Hann geti því ekki látið gögnin af hendi, þar sem trúnaður kunni að gilda um þau.

Helstu sjónarmið stefnanda

- 19 Stefnandi málsins byggir andmæli sín gegn framkominni beiðni á því að verið sé að gera kröfu um framlagningu á greinargerð í öðru ótengdu máli, sem ekkert sönnunargildi hafi í því máli sem hér sé til meðferðar. Stefnandi vísar til þess að gerð sé krafa um framlagningu á ótilgreindum gögnum sem ekki hafi verið lýst nánar, né heldur útskýrt hvað skjölin eigi að upplýsa um, en gögnin hafi ekkert sönnunargildi í málinu. Beiðni sóknaraðila sé því tilhæfalaus og hafi þann eina tilgang að þyrlla upp ryki og afvegaleiða málið. Þau skjöl sem krafist sé afhendingar á innihaldi ýmist upplýsingar sem þegar hafi verið lagðar fram í málinu eða teljist þýðingarlausar fyrir það.
- 20 Stefnandi byggir einnig á því að krafa sóknaraðila uppfylli ekki áskilnað 3. mgr. 67. gr. og 2. mgr. 68. gr. laga nr. 91/1991 hvað varði skýrleika, þar sem heimildir aðila til að óska eftir gögnum frá þriðja aðila takmarkist við tiltekið skjal eða skjöl. Hagsmuna sóknaraðila sé auk þess nægilega gætt með möguleika hans til að kalla viðkomandi til sem vitni við aðalmeðferð málsins, sbr. 1. mgr. 51. gr. laga nr. 91/1991.
- 21 Stefnandi vísar sömuleiðis til þess að kröfugerð sóknaraðila sé ekki í samræmi við dómaframkvæmd. Fyrir liggja, meðal annars, að sum þeirra skjala sem krafist sé afhendingar á séu nú þegar í höndum stefnanda. Sóknaraðili geti ekki gert kröfu um að þriðji maður verði knúinn til að leggja fram skjöl, sem þegar séu í höndum gagnaðila hans. Sóknaraðili hafi ekki beint áskorun til stefnanda um afhendingu skjalanna. Geri hann það hins vegar, og stefnandi verði ekki við kröfu um framlagningu skjalanna, geti dómari skýrt það svo að hann samþykki frásögn sóknaraðila um efni þeirra, sbr. 2. mgr. 67. gr. og 1. mgr. 68. gr. laga nr. 91/1991. Þriðji maður verði hins vegar ekki knúinn til að afhenda með úrskurði skjöl sem ekki sé hægt að knýja stefnanda sjálfan til að leggja fram.
- 22 Stefnandi mótmælir því að málinu verði frestað frekar, búið hafi verið að taka frá tíma til aðalmeðferðar og ítrekaðir frestir veittir til gagnaöflunar. Málið hafi verið í gangi frá 2016 og nægur tími gefist til að ljúka gagnaöflun. Engu breyti þó umræddar upplýsingar hafi fyrst legið fyrir í júní 2021. Nægur tími hafi verið til að bregðast við með viðeigandi hætti og ljúka gagnaöflun, meðal annars í þinghaldi þann 14. september 2021.
- 23 Loks segir stefnandi það vera hugarburð varnaraðilans Halldórs að gervinetföng hafi verið notuð við afhendingu gagna. Engin staðfesting liggja fyrir um slíkt. Þá liggja fyrir að lögmannsstofan Landslög hafi samið lögfræðiálit á árinu 2010. Ekki þurfi að koma á óvart þó lögmenn stofunnar hafi móttekið eða búið yfir upplýsingum í því samhengi.

Niðurstaða

- 24 Í máli þessu deila aðilar um hvort fullnægt sé skilyrðum 3. mgr. 67. gr. og 2. mgr. 68. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála til að þriðji aðili verði kvaddur fyrir dóm og skyldaður til að afhenda tilgreind skjöl. Í því samhengi er ágreiningur um hvort beiðni sóknaraðila sé nægilega afmörkuð og

skýr, hvort þau skjöl sem krafist er afhendingar á geti haft sönnunargildi í málinu, hvort hagsmuna sóknaraðila sé nægilega gætt með möguleikum hans til að leiða vitni í málinu, hvort ákvæði 2. mgr. 67. gr. og 1. mgr. 68. gr. laga nr. 91/1991 standi því í vegi að skjölin verði afhent og hvort varnaraðilinn Halldór sé mögulega bundinn trúnaði um efni þeirra skjala sem krafist er afhendingar á. Þá er því haldið fram að krafa sóknaraðila sé of seint fram komin.

Krafa sóknaraðila ekki of seint fram komin

- 25 Hvað varðar sjónarmið stefnanda um að krafa sóknaraðila sé of seint fram komin, búið sé að taka frá tíma til aðalmeðferðar og nægur tími og tækifæri hafi gefist fyrir sóknaraðila til að ljúka gagnaöflun fyrir, þá getur dómurinn ekki fallist á að hafna beri beiðni sóknaraðila á þessum forsendum. Aðilar hafa ekki lýst því yfir að þeir hafi lokið öflun sýnilegra sönnunargagna í málinu, sbr. 5. mgr. 102. gr. laga nr. 91/1991, og þótt til hagræðingar hafi verið rætt um tiltekinn tíma fyrir aðalmeðferð málsins, þá hefur það ávallt verið með þeim fyrirvara að málið yrði tilbúið til flutnings þegar þar að kæmi.
- 26 Eins er til þess að líta að þær upplýsingar sem krafa sóknaraðila byggir á virðast fyrst hafa legið fyrir þann 30. júní 2021. Lögmaður sóknaraðila greindi auk þess frá fyrirætlunum sóknaraðila varðandi nefnda gagnaöflun í fyrstu fyrirtöku eftir að úrskurður Landsréttar frá 9. september 2021, í máli nr. 358/2021, lá fyrir, en undirliggjandi mál í því máli er rekið samhliða þessu máli hér fyrir dómnum. Beiðni sóknaraðila um atbeina dómsins var svo lögð fram við fyrirtöku málsins viku síðar. Ekki er því hægt að fallast á að krafa sóknaraðila hafi komið of seint fram, eða að henni verði ekki komið að á þessu stigi málsins.

Um lagagrunninn

- 27 Ákvæði laga nr. 91/1991 eru meðal annars reist á þeim meginreglum að aðilar í einkamáli hafi forræði, hvor eða hver um sig, á sinni sönnunarfærslu og að þeir geti lagt fram sönnunargögn, sem þeir ýmist hafa þegar í sínum höndum eða afla frá öðrum undir rekstri málsins. Nú er skjal í vörslum manns, sem er ekki aðili að máli og getur þá aðili krafist þess að fá það afhent til framlagningar í máli, ef vörslumanni skjalsins er skylt að afhenda það aðilanum án tillits til málsins, eða efni skjalsins er slíkt að vörslumanni sé skylt að bera vitni um það í málinu, sbr. 3. mgr. 67. gr. laga nr. 91/1991. Aðili sem krefst skjals samkvæmt þessari grein ber sönnunarbyrði fyrir því að skjalið sé til og í vörslum þess sem hann heldur fram, sbr. 4. mgr. sömu greinar.
- 28 Verði vörslumaður skjals ekki við kröfu aðila um að láta það af hendi getur aðili lagt skriflega beiðni fyrir dómara um að vörslumaður verði skyldaður með úrskurði til að afhenda skjalið fyrir dómi. Telji dómari ekki útilokað að skjalið hafi þýðingu í málinu kveður hann aðila og vörslumann fyrir dóm og gefur þeim kost á að tjá sig um beiðnina, sbr. 2. mgr. 68. gr. laga nr. 91/1991. Að því loknu kveður dómari upp úrskurð ef með þarf um skyldu vörslumanns til að afhenda skjalið, sbr. þó 69. gr. sömu laga.
- 29 Samkvæmt framansögðu þurfa ákveðin skilyrði að vera uppfyllt svo að unnt sé að fallast á beiðni aðila um að vörslumaður skjals verði kvaddur fyrir dóm og skyldaður til að afhenda skjal fyrir dómi. Að virtum atvikum málsins eru þau skilyrði meðal annars, (a) að um sé að ræða tiltekið skjal, (b) sem sé þegar til og (c) í höndum vörslumanns. Skjalið þarf auk þess (d) að hafa þýðingu í málinu þannig að vörslumanni væri skylt að bera vitni um skjalið, sbr. 1. mgr. 51. gr. laga nr. 91/1991.
- 30 Af 2. mgr. 67. gr. og 1. mgr. 68. gr. laga nr. 91/1991 má sömuleiðis ráða að ekki sé hægt að þvinga gagnaðila í einkamáli til að leggja fram skjal, sem hann hefur í vörslum sínum en vill ekki leggja

fram. Verði gagnaðili hins vegar ekki við áskorun um að leggja fram skjal, sem hann sannarlega hefur í vörslum sínum, og mótaðili hans á rétt til skjalsins án tillits til málsins, eða efni skjalsins er slíkt að gagnaðila væri skylt að bera vitni um það ef hann væri ekki aðili að málinu, þá getur dómari skýrt það svo að hann samþykki frásögn áskoranda um efni skjalsins, sbr. þó 69. gr. sömu laga.

- 31 Af dómaframkvæmd má enn fremur ráða að séu aðstæður með þeim hætti að gagnaðili í einkamáli og þriðji maður hafi undir höndum sama skjal, sem mótaðili krefst aðgangs að, þá verði hann að láta nægja að beina áskorun um framlagningu skjalsins til gagnaðila, á grundvelli 2. mgr. 67. gr. laga nr. 91/1991, en geti ekki jafnframt freistað þess að fá þriðja mann skyldaðan til að láta skjalið af hendi, á grundvelli 3. mgr. sömu greinar, sbr. 2. mgr. 68. gr. laga nr. 91/1991. Má í þessu sambandi meðal annars vitna til dóms Hæstaréttar frá 21. mars 2017, í máli nr. 147/2017.

Um skjölin sem krafist er afhendingar á

- 32 Efni þeirra skjala sem sóknaraðili krefst aðgangs að er í senn margþætt og fjölbreytilegt, eins og sést af framangreindri upptalningu og lýsingu á skjölunum. Þau dómskjöl í máli nr. E-1916/2021, dómskjöl nr. 35–40, sem krafa sóknaraðila lýtur að, eru flest hver samsett úr fleiri en einu skjali, auk þess sem sumum skjalanna fylgja viðhengi. Skjölin eru mörg hver yfirgripsmikil og ólík, bæði að efni til og stofni.
- 33 Sum skjalanna, sem krafist er afhendingar á, virðast við fyrstu sýn tengja stjórnendur og starfsmenn Alvogen við undirbúning að málaferlum gegn sóknaraðila, þ.á m. varnaraðilinn Halldór og Þór Kristjánsson, sem gegndi áður trúnaðarstörfum fyrir Landsbanka Íslands og fleiri fyrirtæki. Önnur skjöl varða fyrst og fremst þriðju aðila, sem enga aðkomu hafa að þessu máli, svo að séð verði. Flest skjalanna virðast með einum eða öðrum hætti tengjast starfsemi Landsbanka Íslands á tímabilinu fyrir 7. október 2008, en þann dag var stjórnun bankans tekin yfir af Fjármálaeftirlitinu.
- 34 Skjölin virðast aðallega hafa að geyma tölvupósta, sem ýmist voru sendir frá eða í netfang viðkomandi hjá Alvogen, eða frá eða í önnur netföng sem tengjast því fyrirtæki ekki með nokkrum hætti, svo að séð verði. Heldur varnaraðilinn Halldór því fram að í sumum tilvikum hafi gervinöfn og netföng verið notuð, en hann og Þór Kristjánsson hafi átt í samskiptum undir leyninöfnum og jafnvel sent tölvupósta og gögn til lögmanna. Tölvupóstarnir virðast ýmist vera á milli stjórnenda og starfsmanna Alvogen sjálfra, eða þá við blaðamenn eða lögmenn, eftir því sem varnaraðilinn Halldór segir. Sum þeirra fylgiskjala sem fylgja tölvupóstunum virðast eiga rætur að rekja til Landsbanka Íslands en önnur eiga sér annan uppruna.

Um málsástæður aðila

- 35 Aðila greinir á um hvort beiðni sóknaraðila sé nægilega afmörkuð til að um sé að ræða tilvísun til tiltekins skjals. Óumdeilt er hins vegar að varnaraðilinn Halldór hefur þegar undir höndum greinargerð sína í máli nr. E-1916/2021, sem er dómskjöl nr. 28 í því máli, og „tugi tölvupósta og annarra dómskjala“, sem sóknaraðili vísar til í beiðni sinni og varnaraðili hefur lagt fram í umræddu máli sem dómskjöl nr. 35–40, svo og vísað til í opinberri yfirlýsingu 30. júní 2021.
- 36 Verður samkvæmt framansögðu að telja að sóknaraðili hafi fullnægt skyldu sinni samkvæmt 4. mgr. 67. gr. laga nr. 91/1991 um sönnun þess að skjalið sé til og í vörslum þess sem hann heldur fram, enda hefur öðru ekki verið borið við. Eftir stendur spurningin um það hvort krafa sóknaraðila beinist að tilteknu skjali en ekki ótilgreindu safni skjala, eins og stefnandi heldur fram. Síðast en ekki síst stendur eftir spurningin um það hvort þau skjöl sem krafist hefur verið afhendingar á og lýst hefur verið hér

- að framan hafi þýðingu í málinu, þannig að varnaraðilanum Halldóri væri skylt að bera vitni um skjölin og efni þeirra fyrir dómi, sbr. 1. mgr. 51. gr. laga nr. 91/1991, þar með talið hvort efni einstakra skjala sé þannig að varnaraðili teljist bundinn trúnaði um efnið.
- 37 Almennt hefur verið við það miðað að aðilar dómsmáls geti ekki á grundvelli framangreindra ákvæða laga um meðferð einkamála fengið vörsluaðila, sem ekki er aðili máls, skyldaðan til að afhenda sér ótilgreind gögn, sem aðeins er vísað til undir sameiginlegu heiti með tilliti til tegundar þeirra, eða ætlaðs efnis, og enn síður til að búa slík gögn til. Má í þessu samhengi meðal annars vitna til dóms Hæstaréttar frá 13. mars 2017, í máli nr. 43/2017.
- 38 Enginn vafi er á því, að mati dómsins, að tilvísun sóknaraðila til greinargerðar vörslumanns í máli nr. E-1916/2021 telst tiltekens skjals í skilningi framangreindra lagaákvæða. Þá hefur varnaraðilinn Halldór fallist á að afhenda sóknaraðila þau skjöl sem lögð hafa verið fram í ofangreindu máli undir númerinu 39. Meiri vafi ríkir um önnur skjöl, sem krafist er afhendingar á, þ.e. dómskjöl nr. 35–38 og dómskjál nr. 40 í umræddu máli og skjöl sem lögð hafa verið fram undir þeim númerum.
- 39 Hvað varðar þýðingu umræddra skjala fyrir það mál sem hér er til meðferðar og hvort vörslumanni væri skylt að bera vitni um skjölin af þeim sökum, sbr. 3. mgr. 46. gr., 1. mgr. 51. gr., 3. mgr. 67. gr. og 2. mgr. 68. gr. laga nr. 91/1991, þá er til þess að líta að sóknaraðili byggir beiðni sína einkum á því að í málinu geti meðal annars reynt á það hvort ætlaðar kröfur varnaraðila séu fyrndar. Orðrétt segir í beiðni sóknaraðila: „Niðurstaða þar um gæti m. a. ráðist af því hvenær þátttakendur máttu vita um tjón sitt og þann sem þeir byggja á að beri ábyrgð, sbr. 9. gr. laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfurettinda.“
- 40 Eins og áður segir benda sum þeirra skjala sem krafist er afhendingar á til þess að nafngreindir aðilar, þ.á m. varnaraðilinn Halldór sjálfur, hafi unnið að undirbúningi málaferla gegn sóknaraðila allt frá árinu 2010. Ekki hefur hins vegar verið sýnt fram á hvernig þessir aðilar tengjast stefnanda sérstaklega, að öðru leyti en því að svo virðist sem undirbúningsvinna varnaraðilans Halldórs og samstarfsmanna hans hafi miðað að því að hefja málsókn fyrrum hluthafa Landsbanka Íslands gegn sóknaraðila. Stefnandi hafi svarað kalli um að vera með í slíkri málsókn í upphafi, en síðar dregið sig út úr hópnum og höfðað sjálfstætt mál á hendur sóknaraðila. Þá hafi sama lögmannsstofa komið að undirbúningsaðgerðum málaferla á hendur sóknaraðila og máli stefnanda á hendur honum.
- 41 Við afmörkun á málatilbúnaði sínum hefur sóknaraðili valið þá leið, að krefjast afhendingar á „tugum tölvupósta og öðrum dómskjölum“, sem varnaraðilinn Halldór hefur lagt fram í máli nr. E-1916/2021 hér fyrir dómnum, sem dómskjöl nr. 35–40 í því máli, án þess að gera nákvæma grein fyrir hverju og einu skjali og hvernig það geti haft þýðingu í því máli sem hér er til meðferðar. Er svo að skilja að sóknaraðili telji að skjölin í heild geti varpað ljósi á það hvenær í tíma stefnandi hafi búið yfir nægilegum upplýsingum um ætlað tjón sitt og hverjum sé þar um að kenna, þannig að hann gæti höfðað mál á hendur viðkomandi.
- 42 Dómurinn getur ekki fallist á það með sóknaraðila að framangreind afmörkun sé fullnægjandi samkvæmt 3. mgr. 67. gr. og 2. mgr. 68. gr. laga nr. 91/1991, eins og hér stendur á, heldur verður að gera þá kröfu til sóknaraðila að hann tilgreini sérstaklega þau skjöl sem varnaraðilinn Halldór hefur undir höndum og sóknaraðili telur að geti haft þýðingu í þessu samhengi. Þá verður jafnframt að gera þá kröfu til sóknaraðila að hann skýri sérstaklega með hvaða hætti það geti verið, í hverju og einu

- tilviki fyrir sig. Ekki nægir í því samhengi að vitna til gagnanna í heild, með þeirri almennu staðhæfingu að þau geti eftir atvikum varpað ljósi á upphafstíma fyrningar í málinu.
- 43 Eins og áður segir er efni skjalanna ólíkt, tilurð þeirra sömuleiðis, sum þeirra voru send eða móttekin í gegnum netföng fyrrum vinnuveitanda varnaraðilans Halldórs en önnur ekki, sum skjalanna virðast tengjast sóknaraðila beint en önnur ekki, sum skjalanna kunna að innihalda samskipti lögmanna við umbjóðendur sína o.s.frv. Vegna þess hversu margbrotin og ólík skjölin eru innbyrðis er ekki hægt að leggja almennt mat á gögnin og þýðingu þeirra fyrir málið. Á sama hátt er ekki hægt að komast að niðurstöðu um það hvort varnaraðilanum Halldóri væri skylt að bera vitni um efni skjals, eða hvort hann sé bundinn trúnaði um efni þess, nema hvert og eitt skjal verði skoðað.
- 44 Nánari afmörkun og greining á þeim skjölum sem sóknaraðili telur að geti haft þýðingu í máli þessu er með öðrum orðum forsenda þess að dómurinn geti lagt mat á það hvort varnaraðilanum Halldóri væri skylt að bera vitni um hlutaðeigandi skjal í málinu, sbr. 1. mgr. 51. gr. og 2. mgr. 67. gr. laga nr. 91/1991, svo og hvort varnaraðili geti verið bundinn trúnaði um efni skjalsins, sbr. t.a.m. b- og d-liði 1. mgr. 53. gr. laga nr. 91/1991, eða eftir atvikum aðra staflíði þeirrar málsgreinar. Slíkt mat verður hins vegar ekki lagt heildstætt á „tugi tölvupósta og annarra dómskjala“, eða dómskjöl í öðru máli, sem samsett eru úr mörgum skjölum.
- 45 Nánari afmörkun og greining á þeim skjölum sem sóknaraðili telur að geti haft þýðingu í máli þessu er sömuleiðis forsenda þess að dómurinn geti tekið afstöðu til þeirrar málsástæðu stefnanda að sóknaraðili geti ekki krafist þess að þriðji maður afhendi skjöl, sem þegar eru í höndum gagnaðila hans, sbr. annars vegar 2. mgr. 67. gr. og 1. mgr. 68. gr. og hins vegar 3. mgr. 67. gr. og 2. mgr. 68. gr. laga nr. 91/1991.
- 46 Að þessu virtu og öðru sem rakið hefur verið hér að framan, svo og að teknu tilliti til þess hvernig krafa sóknaraðila er fram sett, verður ekki talið að sóknaraðili hafi fært viðhlítandi rök fyrir því að þau skjöl sem hann krefst afhendingar á, þ.e. skjöl sem hafa verið lögð fram sem dómskjöl nr. 35-38 og nr. 40 í máli nr. E-1916/2021, geti haft þýðingu fyrir það mál sem hér er til meðferðar, sbr. 3. mgr. 46. gr., 3. mgr. 67. gr. og 2. mgr. 68. gr. laga nr. 91/1991. Brestur þegar af þeirri ástæðu skilyrði til að fallast á kröfu hans um að varnaraðilinn Halldór verði skyldaður til að afhenda sóknaraðila þessi skjöl til framlagningar í þessu máli.
- 47 Ólíkt því sem á við um dómskjöl nr. 35–38 og nr. 40 í máli nr. E-1916/2021 hér fyrir dómnum hefur sóknaraðili krafist þess sérstaklega að varnaraðilinn Halldór leggi fram greinargerð sína í máli nr. E-1916/2021, sem er óumdeilanlega tiltekið skjal, sem dómurinn getur tekið afstöðu til á grundvelli 3. mgr. 67. gr. og 2. mgr. 68. gr. laga nr. 91/1991. Þá hefur varnaraðili samþykkt að afhenda dómskjal nr. 39 eins og áður segir.
- 48 Fram kom af hálfu lögmans varnaraðila að meginefni greinargerðarinnar væri þess eðlis að um trúnaðarmál væri að ræða á milli hans og fyrrum vinnuveitanda hans. Í greinargerðinni væri auk þess að finna almenna lýsingu á efni dómskjala nr. 35–40 í máli nr. E-1916/2021, en ekki væri útilokað að trúnaður ríkti um hluta þeirrar lýsingar. Hvað sem því líður fær dómurinn ekki séð að greinargerð varnaraðila í óskyldu máli, á milli óskyldra aðila, geti haft sönnunargildi í því máli sem hér er til meðferðar. Eru þegar af þeirri ástæðu ekki forsendur til að varnaraðili verði skyldaður til að afhenda

sóknaraðila greinargerðina til framlagningar í máli þessu, sbr. 3. mgr. 46. gr., 3. mgr. 67. gr. og 2. mgr. 68. gr. laga nr. 91/1991.

- 49 Með vísan til þess sem rakið hefur verið hér að framan er aðal- og varakröfum sóknaraðila hafnað, að öðru leyti en því að fallist er á að varnaraðilinn Halldór afhendi sóknaraðila skjöl sem hann hefur lagt fram í máli nr. E-1916/2021 hér fyrir dómnum, sem dómskjal nr. 39 í því máli, enda er því ekki mótmælt af hálfu varnaraðilans Halldórs.
- 50 Af hálfu sóknaraðila flutti málið Reimar Pétursson lögmaður.
- 51 Af hálfu varnaraðilans Halldórs flutti málið Guðmundur Óli Björgvinsson lögmaður.
- 52 Af hálfu stefnanda flutti málið Jóhannes Bjarni Björnsson lögmaður.
- 53 Jóhannes Rúnar Jóhannsson héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Hafnað er kröfu sóknaraðila, Björgólfs Thors Björgólfssonar, um að varnaraðili, Halldór Kristmannsson, verði kvaddur fyrir dómnum sem vörslumaður skjala, sbr. 68. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, og skyldaður til að leggja fram (a) greinargerð sína í héraðsdómsmáli nr. E-1916/2021 fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur og (b) „tugi tölvupósta og annarra dómskjala“, sem hann hafi lagt fram í umræddu máli og vísað til í opinberri yfirlýsingu 30. júní 2021.

Fallist er á þann hluta varakröfu sóknaraðila sem lýtur að dómskjali nr. 39 í máli nr. E-1916/2021 og varnaraðilanum Halldóri gert skylt að afhenda sóknaraðila skjöl sem hann hefur lagt fram í máli nr. E-1916/2021 hér fyrir dómnum, sem dómskjal nr. 39 í því máli.

Hafnað er varakröfu sóknaraðila um að varnaraðila verði gert skylt að leggja fram dómskjöl nr. 35–38 og nr. 40 í máli nr. E-1916/2021 fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.